



Samtök sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu

Bæjarráð Garðabæjar
Gunnar Einarsson
Ráðhús Garðabæjar
Garðatorgi 7
210 Garðabæ

Kópavogi, 23. apríl 2021
1906002 PBG/HH

Efni: Sóknaráætlun – kolefnisfótspor höfuðborgarsvæðisins

Á 523. fundi stjórnar SSH hinn 19. apríl sl. var sóknaráætlun höfuðborgarsvæðisins – kolefnisfótspor höfuðborgarsvæðisins til umræðu.

Eftirfarandi var bókað í fundargerð:

Sóknaráætlun / málsnr. 1906002

Fyrirliggjandi er skýrslan *Kolefnisfótspor höfuðborgarsvæðisins* dags. febrúar 2021 sem var unnin af ráðgjafastofunni Resource fyrir SSH. Skýrslan er hluti af áhersluverkefnum sóknaráætlunar fyrir árið 2021. Einnig er lagt fram minnisblað svæðisskipulagsstjóra dags. 12. apríl 2021 um næstu skref sóknaráætlunarverkefnisins fyrir árið 2021. Jón Kjartan Ágústsson svæðisskipulagsstjóri er gestur fundarins undir þessum lið og kynnir umrætt minnisblað frá 12. apríl 2021 þar sem lagt er til að ráðinn verði verkefnisstjóri til að rýna umrædda skýrslu og móta tillögur að sameiginlegri loftslagsáætlun sem verði svo útfærð nánar á vettvangi hvers sveitarfélags.

Niðurstaða fundar:

Stjórn samþykkir fyrirliggjandi tillögur sem lagðar eru fram í minnisblaði dags. 12. apríl 2021 og að vinnunni verði haldið áfram á grunni þeirra.

Niðurstaða fundarins verði send sveitarfélögunum til kynningar og fylgt eftir með frekari kynningum óski sveitarfélögin eftir því.

Tilkynnist framangreint hér með.

Virðingarfyllst,

Páll Björgvin Guðmundsson
framkvæmdastjóri SSH

Meðfylgjandi gögn:

- 1) Kolefnisfótspor höfuðborgarsvæðisins, skýrsla Environice. febrúar 2021
- 2) Minnisblað svæðisskipulagsstjóra v. mælingar kolefnisfótsports, dags. 14. janúar 2021.
- 3) Minnisblað svæðisskipulagsstjóra v. mælingar kolefnisfótsports/næstu skref, dags. 12. apríl 2021